

Þingsályktun

um endurskoðun slysabóta sjómanna samkvæmt siglingalögum.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til þess að endurskoða ákvæði siglingalaga, nr. 34/1985, um bótarétt sjómanna á íslenskum skipum vegna líf- eða líkams-
tjóns. Í nefndinni skulu m.a. eiga sæti fulltrúar sjómanna og útgerðarmanna, rannsóknar-
nefndar sjóslysa, Sambands íslenskra tryggingafélaga og Siglingamálastofnunar.

Samþykkt á Alþingi 7. maí 1994.